



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Brekkuborg

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra	3
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	5
3.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027	6
4.	Starfsþróunarsamtöl.....	8
5.	Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans	8
6.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	8
Nemendur úr 7. bekk Húsaskóla koma og lesa fyrir börnin á Degi Íslenskrar tungu.		8
7.	Foreldrasamstarf	9
8.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	9
9.	Þróunarverkefni.....	10
10.	Fylgiskjöl:	10
10.1	Innra mat Brekkulundur 2025-2026	10
10.2	Umbótaáætlun Brekkulundur 2026-2027.....	11
10.3	Innra mat Brekkulaut 2025-2026	15
10.4	Umbótaáætlun Brekkulaut 2026-2027	16
10.5	Innra mat Brekkulind og Brekkulyng 2025-2026	19
10.6	Umbótaáætlun Brekkulind og Brekkulyng 2026-2027	20
10.7	Umsögn foreldraráðs.....	23
11.	Skóladagatal Brekkuborgar 2026/2027 (fylgiskjal).....	25
12.	Upplýsingarflæði könnun (fylgiskjal)	26





1. Greinargerð leikskólastjóra

Nú er skólaárið 2025-2026 að ljúka. Það ár hefur einkennst af stöðugleika og gleði í Brekkuborg. Við erum sammála um að árið hafi liðið allt of hratt. Það sem stendur uppúr fyrir utan yndislegu börnin „okkar“ frábært samstarfsfólk og foreldra er að við fórum á nokkur námskeið. Þar má nefna skyndihjálpmagnúsón Magnússon hélt hjá okkur á starfsdegi. Mikilvægi þess að kunna að bregðast við ef eitthvað bjátar á er mjög mikilvægt í okkar starfi. Það er nauðsynlegt að fara á skyndihjálpmagnúskeið reglulega og stefnum við á annað námskeið eftir 2 ár. Við fórum öll á námskeið um mataröryggi á Torginu. Torgið sem er fræðsluvefur hjá Reykjavíkurborg, hefur frábært úrval af bæði skyldunámskeiðum og valnámskeiðum sem við höfum verið dugleg að sækja í undirbúningstímum.

Kristín Hildur Ólafsdóttir kom til okkar og hélt fræðslu um Reggio Emilia. Við störfum í anda Reggio og þurftum við að rifja upp og bæta við okkur þekkingu sem Kristín Hildur kom og veitti okkur. Mjög skemmtileg fræðsla og þörf, til að dusta rykið af okkur og efla. Fáir ef nokkur er eins fróð um Reggio eins og Kristín Hildur.

Við erum stoltur Regnbogaskóli þar sem allir fá að tilheyra. Við fórum á námskeið 1. September 2025 sem Indíana Rós Ægisdóttir var með. Við fengum fræðslu á starfsdegi og við unnum með víska þætti til að fá viðurkennda Regnbogavottun frá Reykjavíkurborg. Mikilvægi þess að fá að vera viðurkenndur og tilheyra hópi er eitthvað sem við leggjum mikið uppúr. Það endurspeglar líka samskiptasáttmála Brekkuborgar. Við eigum okkar vináttutré sem við gróðursettum hér í garðinum síðasta haust sem er eitt af okkar táknum um vináttu og ást.

Við höfum verið í mjög góðu samstarfi við Húsaskóla sem hefur einkennst af heimsóknum á báða bóga. Börn á miðstigi Húsaskóla hafa komið til okkar vikulega í vetur í vali og þau aðstoðað og verið með börnunum okkar í skipulegum valstundum. Þetta hefur gengið mjög vel og við vonum að samstarfið haldi áfram næsta skólaár.

Elsti árgangur okkar tók þátt í barnamenningarhátíð í Hörpu þar sem sungin voru lög eftir Dr. Gunna. Tónskóli Sigursveins hefur haldið utan um hátíðina. Börnin stóðu sig frábærlega, stóðu stolt og keik fremst á sviðinu og sungu og dilluðu sér við tónlistina. Við vorum og erum mjög stolt af þeim.

Við höfum verið dugleg að fara á bókasafnið og fara í styttri ferðir í nærumhverfi okkar sem eflir börnin og styrkir sjálfstæði þeirra. Við eigum líka einstakt umhverfi sem gaman er að skoða og eftir því sem þau kynnast umhverfi sínu betur, bera þau meiri virðingu fyrir því. Við ætlum að efla þessar ferðir næsta skólaár.

Í vetur hefur verið hjá okkur sem aðstoðarleikskólastjóri hún Þórunn Gyða Björnsdóttir í 50% starfi. Þórunn hefur unnið í mörg ár hjá Reykjavíkurborg sem leikskólastjóri. Hún er með samning til 1. Júlí. Ég er svo ótrúlega þakklát fyrir hennar samvinnu og visku sem hefur hjálpað ekki bara mér heldur okkur öllum í Brekkuborg.

Ég er ekki bara þakklát fyrir Þórunni Gyðu heldur líka allt mitt frábæra samstarfsfólk sem ég gæti bara alls ekki verið án og foreldrasamfélagsins sem er, held ég besta foreldrasamfélagið í borginni og þó víðar væri leitað. Allt okkar daglega amstur snýr að samvinnu um börnin, það fallegasta og besta sem fyllir skólann af gleði, hamingju og spennu.





Í sumar eru fyrirhugaðar smá framkvæmdir í Brekkuborg en tréverk í kringum glugga verður lagað, brunagluggar stækkaðir og skipt út innihurðum.

Brekkuborg verður 35 ára 1. apríl 2027. Ég geri ráð fyrir að við gerum okkur extra glaðan dag í tilefni dagsins. Við upplýsum betur um það seinna.

Við stefnum á að fara í námsferð erlendis á næsta ári nánar tiltekið í kringum Hvítasunnuhelgina. Við ætlum að óska eftir tveimur samliggjandi starfsdögum í kringum þá ferð. Við vitum ekki alveg hvert verður farið en okkur langar að fara á námskeið í núvitund, slökun og Jóga fyrir utan að heimsækja 2-3 leikskóla. Við sendum frá okkur frekari upplýsingar þegar nær dregur ef við fáum samþykki.

Að lokum þá ætla ég að skrifa aðeins um Reykjavíkurleiðina. Við höfum verið að tileinka okkur hana og þó nokkrar breytinga hafa orðið vegna hennar hjá okkur. Um 48% foreldra Brekkuborgar hafa minnkað viðveru barna sinna í leikskólanum. Við náum samt ekki að stytta viðveru starfsfólks mikið þar sem minnkun á viðveru er smá á hverjum degi sem er erfitt að vinna með. Við skiljum að foreldrar geri þetta svona með styttinguna því allir eru með skuldbindingar en eru samt að reyna að vinna með Reykjavíkurleiðinni. Við hlökkum til að sjá hvernig Reykjavíkurleiðin þróast í þágu barna og fjölskyldna. Framundan í haust eru skráningardagar fyrir áramót og svo í janúar eftir áramót þar sem foreldrar skrá viðveru barna sinna. Þá er auðveldara fyrir okkur stjórnendur að skoða vinnustyttingu starfsmanna til móts við skráningu foreldra. Ég er spennt að sjá hvernig þetta þróast. Þann 22. Febrúar er leikskólinn lokaður í samræmi við Reykjavíkurleiðina, hann leggst misvel í starfsfólk sem hefði viljað ráða tímunum sínum sjálf. Við sjáum hvernig þetta þróast og allt nýtt tekur tíma að aðlagast.

Næsta haust lítur vel út. Brekkuborg verður stútfullur af börnum eins og áður. 16 börn eru að fara í grunnskóla í haust og við fáum 18 ný börn í staðinn. Við gerum ráð fyrir að allar aðlaganir verða búnar um miðjan september. Við eigum eftir að ráða í 2 stöður starfsmanna fyrir haustið. Ég er að auglýsa og er full bjartsýni á að það náist að manna.

Með óskir um gott og gleðilegt sumar og uppbyggjandi komandi skólaár.





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var metið?	
Hvernig fór matið fram?	Spurningakönnun send á foreldra varðandi upplýsingaflæði frá leikskólanum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Við sendum könnun á foreldra um upplýsingaflæði um miðjan maí. Niðurstaða í fylgiriti bls. 26

Ytra mat

Hvað var metið?	
Hvernig fór matið fram?	Könnun send í tölvupósti til foreldra frá Skóla- og frístundasviði.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	87,7% foreldra tóku þátt í könnun Reykjavíkurborgar um starf Brekkuborgar. Í þeirri könnun komum við vel út en sáum að upplýsingagjöf væri eitthvað sem þyrfti að skoða betur. Við höfum verið að vanda okkur með að bæta hana. 2,1% foreldra töldu hana vera of mikla, 87,5% hæfilega en 10,4% töldu hana of litla. Við sendum könnun frá okkur núna um miðjan maí til að sjá hvort það væri einhver breyting á. Fylgirit um niðurstöður þeirrar könnunar er á blaðsíðu 26. Það sem kom út úr okkar könnun endurspeglar könnun Reykjavíkurborgar. Þetta er líklega þáttur sem næst seint samstaða um en áhugavert að skoða.





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni**. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Söngstundir á föstudögum sem bæði börn og starfsfólk taka þátt í. Að söngstundin sé markvissari og að lagaúrvalið sé fjölbreytt. Það veitir öllum börnum gleði og ánægju.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Hafa hana hressari og gleðilegri og að börnin taki ríkari þátt í söngnum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stefnt er að því að börnin læri 2 ný sönglög ásamt Lubbalagi og einu hreyfilagi yfir einn mánuð í einu. Börnin ná þá að læra þau betur, ásamt öðrum lögum sem við syngjum með þessum nýju. Vera með plan um lög mánaðarins. Syngja lög sem henta bæði eldri börnum og yngri og vera alltaf með hreyfilög.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 og lokið júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsfólk leggur mat á söngstundirnar á skipulagsdegi 5. febrúar. Einu sinni í mánuði verður endurmat á deildarstjórufundum og heildarmat 5. febrúar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Allt starfsfólk og börn séu þátttakendur í söngstundinni og að það skapist meiri gleði, léttleiki og kröftugri söngur hjá börnunum.





Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Betra, kennsluvænna og rólegra umhverfi í fataklefa.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að börnin fari í minni hópum í fataklefa, að það fari ekki allir út á sama tíma. Hópar skiptast á að fara út fyrir og eftir hádegis. Með því skapast streituminna og betra umhverfi til sjálfshjálpar, málörvunar og fínhyfinga.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hver deild fer með færri börn í einu í fataklefa. Að börnin fari ekki öll á sama tíma í fataklefa. Að eldri deildir skipti börnunum í tvo hópa, annar hópur inni í verkefnavinnu á meðan hinn fer út.
Ábyrgð	Deildarstjórar og starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarfundum með starfsfólki. Metið á skipulagsdegi 5. febrúar 2027 með öllu starfsfólki leikskólans.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Notalegt og rólegt umhverfi í fataklefa þar sem börnin hafi meira svigrúm til sjálfshjálpar.





4. Starfsþróunarsamtöl

Fóru fram haustið 2025, leikskólastjóri tók bæði lengri og styttri viðtöl. Á næsta skólaári verður staðið að viðtölum eins og síðasta skólaár. Mikilvægi þess að hittast og fá endurmat og hvatningu er hlutir sem skila sér í meiri gleði og jafnvægi innan skólans.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Námsferð áætluð 13.-17. maí 2027. Þar sem skoðaðir verða leikskólar og farið á námskeið í núvitund, og heimsóknir í skóla þar sem menntun í söng og tónlist eru ríkjandi og núvitund,

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Tímasett áætlun um samstarf við grunnskóla og frístund kemur hér fram þar sem settar eru niður áherslur og skipulag næsta starfsárs.

Þessi áætlun er sett upp með fyrirvara um dagsetningar þar sem að skipulag næsta skólaárs verður ekki skipulagt fyrr en í haust að ósk grunnskólans.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
September/Október	Frímínútur	Húsaskóli	Deildarstjóri Laut
Október	Húsaskóli skoðaður með skólastjóra.	Húsaskóli	Deildarstjóri Laut og Skólastjóri Húsaskóla
Október	Börn úr 1. bekk í Húsaskóla koma og hitta elstu börn Brekkuborgar.		
Nóvember	Íþróttir	Íþróttahús Dalhúsum	Deildarstjóri og íþróttakennari
Nóvember	Börn Brekkuborgar fara í spilastund í Húsaskóla.	Húsaskóli	Deildarstjóri og kennari í 1. bekk
Nóvember	Nemendur úr 7. bekk Húsaskóla koma og lesa fyrir börnin á	Brekkuborg	Deildarstjóri og kennari í 1. bekk





	Degi Íslenskrar tungu.		
Desember	Börnin í leikskólanum sýna helgileik fyrir börn og foreldra í 1. Bekk.	Húsaskóli	Deildarstjóri og kennari í 1. bekk
Mars	Börnin sitja í skólastundum í litlum hópum	Húsaskóli	Deildarstjóri og kennari í 1. bekk
Apríl	Heimsókn í Kastalann (frístund)	Húsaskóli	Deildarstjóri og forstöðumaður Kastalans.

7. Foreldrasamstarf

Sérstakar áherslur í foreldrasamstarfi á komandi ári.

Foreldraráð er starfandi og er það kosið á foreldrafundi í september ár hvert. Foreldrafundur verður 22. september kl. 17. Þar förum við yfir skipulag leikskólans og almennt starf deilda. Við fáum talmeinafræðing og hegðunarráðgjafa með fræðslu sem skiptast á að koma annaðhvort ár. Talmeinafræðingur kemur í haust. Foreldraviðtöl eru í nóvember og desember 2026 og aftur í apríl og maí 2027. Haustviðtölin eru valkvæð, foreldrar velja hvort þeir vilji viðtal en við viljum fá alla í viðtal að vori. Foreldrafélagið Eik er starfandi við Brekkuborg. Formaður foreldrafélagsins er Sigrún María Falk Línal. Foreldraráðið er skipuð af 5 foreldrum: Þórdís Adda Haraldsdóttir formaður, Anna Laufey Stefánsdóttir ritari, Anna Þorsteinsdóttir, Brynja Halldórsdóttir og Erna Bergþórsdóttir

Mikilvægi góðrar foreldrasamvinnu verður seint metin til fulls og skiptir mestu fyrir vellíðan og velferð barnanna sem sækja leikskólann. Við erum mjög þakklát fyrir okkar frábæra foreldraráð og foreldrafélag.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Hér eiga að koma upplýsingar um skipulagsdaga. Hægt er að setja þá beint inn í leikskóladagatal eða viðburðadagatal og láta það fylgja með og hafa í huga að það komi skýrt fram hvaða skipulagsdagar eru á sama tíma og í grunnskólanum.

- 30. september Sameiginlegur starfsdagur í Grafarvogi.
- 27. nóvember Starfsdagur í Brekkuborg
- 5. febrúar Sameiginlegur starfsdagur – dagur leikskólans
- 27. apríl Sameiginlegur starfsdagur í Grafarvogi
- 13. og 14. Maí Starfsdagar Brekkuborgar. Fyrirhuguð námferð erlendis.





9. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins	Samstarfsaðilar	Hver styrkir?

10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat Brekkulundur 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Styrkleikar

- **Endurraða húsgögnum** – Við höfum breytt skipulagi á deildinni með því að endurraða húsgögnunum til að búa til betra leikumhverfi fyrir börnin. Með því að stúka af mismunandi svæði gefum við þeim meira næði til að einbeita sér í leiknum.
- **Orð er ævintýri** – Með því að nota kennslufnið „Orð er ævintýri“ sem rauðan þráð í okkar starfi höfum við náð að efla orðaforða barnanna til muna, en framfarirnar eru sýnilegar hjá nánast öllum hópnum.
- **Val** – Sjálfstætt val barnanna hefur stuðlað að auknum stöðugleika og rólegra umhverfi á deildinni. Við upplifum að þegar börnin fá að velja sér viðfangsefni eykst úthald þeirra og einbeiting í leiknum til muna.
- **Jafnvægi** – Eftir áramót hefur einkennt barnahópin mikil ró og stöðugleiki. Samheldnin er sterk og jákvæður andi gætir í nánast öllu starfi.

Tækifæri

- **Lubbastundir** – Að fanga athygli og áhuga barnanna með því að gera Lubbastundir að einum skemmtilegasta og eftirvæntingarfullsta tíma dagsins. Með því að flétta leikrænum tilþrifum, sköpun og fjölbreytni inn í hljóðanámið búum við til hvetjandi umhverfi þar sem málörvun verður að ævintýri.
- **Bætt skráning** - Markmið okkar á starfsárinu er að dýpka og bæta skráningar á fjölbreyttum verkefnum barnanna og gera þær enn aðgengilegri fyrir foreldrahópinn. Með markvissari og sýnilegri skráningu viljum við veita foreldrum innsýn í daglegt leikskólastarf, nám og þroska barnanna. Með því móti styrkjum við brúna á milli heimilis og leikskóla og gefum foreldrum tækifæri á að fylgjast náið með framvindu verkefna og þátttöku barna sinna á einfaldan og aðgengilegri hátt



10.2 Umbótaáætlun Brekkulundur 2026-2027

Brekkulundur / 3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Uppeldis- og menntastarf , áhersla á málrækt, læsi og listræna tjáningu.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla málþroska, ímyndunarafl og sjálfstraust barna í gegnum skipulega vinnu með sögur og leikræna tjáningu. Markmiðið er að börnin færast úr því að vera hlustendur yfir í að vera virkir þátttakendur og sögumenn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Mánaðarsaga: Ein vönduð bók valin sem unnið er með í lengri tíma til að kafa vel í viðfangsefnið (lestur, leiklestur, föndur tengt sögunni) Sögupokar: Börnin koma með hlut að heiman sem kveikju að nýrri sögu sem búin er til í samverustund. Leiklist: Búið til rými á deildinni með búningum og leikmunum úr mánaðarsögunni. Skapandi vinna: Börnin teikna eða móta persónur úr sögunum.
Ábyrgð	Deildarstjóri Brekkulundar / Hópstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst við upphaf skólaárs (ágúst/september) og stendur út maí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Hvenær: Á mánaðarlegum deildarfundum og við lok annar. Aðferðir: Viðtöl við börn: Spurt hvaða sögur þau muna best og hvað var skemmtilegast. Söguskoðun: Tekið upp (hljóð eða mynd) þegar börnin endursegja sögur til að fylgjast með framförum í orðaforða. Dagbókarfærslur: Starfsfólk skráir athuganir á þátttöku barnanna í leikrænum leik.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem	- Barnið sýni aukinn áhuga á bókum og hlustun. - Barnið getur endursagt helstu þætti í sögu.





stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	3. Barnið notar orðaforða úr verkefnunum í frjálsum leik. 4. Öll börn hafa fá tækifæri til að tjá sig eða taka þátt í leikrænum sýningum á sínum forsendum.
---	--

Brekkulundur / 3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Uppeldis- og menntastarf áhersla á heilbrigði, hreyfingu og velferð.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að gera hreyfingu að eðlilegum og skemmtilegum hluta af hverjum degi. Stefnt er að því að efla grófhreyfingar (stökkva, jafnvægi, skríða), líkamsvitund og samhæfingu, ásamt því að auka úthald og gleði barna í gegnum fjölbreytta hreyfileiki.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	1. Daglega hreyfistund: 15–20 mínútur af markvissri hreyfingu (t.d. „Hreyfispil“, dýra-jóga eða tónlistarhreyfing). 2. Skynjunar- og þrautabrautir: Settar upp vikulega, bæði inni og úti, þar sem reynir á mismunandi færni (jafnvægi á línu, skríða undir hindranir). 3. Vettvangsferðir í nágrennið: Gengið á ójöfnu undirlagi í náttúrunni til að styrkja líkama, úthald og samhæfingu. 4. Hvöld og slökun: Innleiða stutta slökun eða núvitund eftir hreyfingu til að kenna börnunum að hlusta á líkamann.
Ábyrgð	Deildarstjóri Brekkulundar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í ágúst/september og unnið með markvisst út skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Hvenær: Desember/janúar og Apríl/maí. 1. Athuganir starfsfólks: Skrá hvernig börnunum gengur að takast á við líkamlegar áskoranir (t.d. brautirnar).





(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	2. Myndgreining: Myndbönd eða myndir af hreyfingu barnanna skoðuð til að sjá framfarir í færni. 3. Samtal við börn: Spurt „Hvernig líður líkamanum þínum þegar þú hleypur hratt?“ eða „Hvað fannst þér skemmtilegast að gera í salnum?“.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	1. Barnið sýni meira öryggi og gleði í hreyfingu og leikjum. 2. Barnið getur lokið einfaldri þrautabraut án verulegrar aðstoðar. 3. Barnið þekkir muninn á vinnu/hreyfingu og hvíld (slökun). 4. Hreyfing er orðin fastur liður í skipulagi deildarinnar sem allir taka þátt í.

Brekkulundur / 3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Mannauður / leikskólabragur áhersla á lýðræði, mannréttindi og jafnrétti.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla félagsfærni barnanna, kenna þeim samvinnu og gefa þeim raunverulega rödd í skipulagi dagsins. Stefnt er að því að börnin skilji hugtakið „vinátta“ í verki og upplifi að þeirra skoðanir skipti máli í hópnum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	1. Barnafundir: Reglulegir fundir þar sem börnin fá að velja á milli valkosta (t.d. val á lögum, sögum eða áfangastað í gönguferð). 2. Vinátta-verkefni: Vinna með efni eins og <i>Vinaverkefni Barnaheilla</i> eða <i>Blæ</i> (t.d. ræða um tilfinningar og hvernig við leysum ágreining). 3. Samvinnuleikir: Skipulagðir leikir þar sem börnin þurfa að vinna saman að sameiginlegu markmiði. 4. Hróstími: Stundir þar sem börnin fá tækifæri til að segja eitthvað fallett um hvert annað.
Ábyrgð	Deildarstjóri Brekkulundar





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september og er samfelld vinna út allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Hvenær: Mánaðarlega á deildarfundum og með barnaviðtölum á vorönn. 1. Tengslarit/ Félagskort: Fylgst með samskiptamynstri barnanna (leika allir við alla?). 2. Rýnihópur með börnum: Rætt við lítinn hóp barna um hvernig þeim líði á deildinni og hvort þau fái að ráða einhverju. 3. Sjálfsmatslistar starfsfólks: Metið hversu oft börnin fá raunverulegt val í daglegu starfi.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	1. Barnið sýnir aukna færni í að deila og bíða eftir að röðin komi að sér. 2. Barnið notar orð til að tjá óskir sínar og líðan í samskiptum við önnur börn. 3. Barnið þekkir og getur nefnt dæmi um hvernig á að vera góður vinur. 4. Allir nemendur hafa tekið þátt í lýðræðislegri ákvörðunartöku á deildinni.



10.3 Innra mat Brekkulaut 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Styrkleikar

1. Lýðræðislegt starf, sveigjanleiki og val

- **Lýðræðisleg þátttaka í vali:** Við bregðumst á sveigjanlegan hátt við þörfum hópsins. Til að koma í veg fyrir hópamyndun og óróa fórum við úr hefðbundnu vali yfir í virka þátttöku barnanna. Nú stýra tvö börn á dag uppsetningu og vali á stöðvum dagsins. Þetta hefur aukið ábyrgðarkennd, sátt og ró í leiknum.
- **Samráð um umhverfið:** Börnin eru með í ráðum þegar kemur að því að endurskipuleggja leikskóladeildina og skipta út leikföngum og bókum.
- **Sjálfstæði og ábyrgð á umhverfi:** Unnið er markvisst með sjálfshjálpi og ábyrgð þar sem börnin taka virkan þátt í að ganga frá og halda fataklefanum snyrtilegum yfir daginn.

2. Tónlist, textaskilningur og framkoma (Söngur)

- Börnin séu fljót að tileinka sér og læra flókna, langa texta á stuttum tíma, sem sýnir góðan málþroska og einbeitingu.
- **Góð framkoma og þátttaka í stórum verkefnum:** Hópurinn tók þátt í Barnamenningarhátíð í Hörpu (í samstarfi við aðra leikskóla þar sem flutt voru lög eftir Dr. Gunna). Þar sýndu börnin mikla seiglu, öryggi á sviði og stóðu sig fram úr björtustu vonum.

Á Brekkulaut tengjum hugtök eins og *lýðræði*, *ábyrgð* og *málþroska* beint við daglega starfið og stærri viðburði.

Tækifæri

1. Vinátta, kærleikur og umburðarlyndi (Lýðræði og jafnrétti)

- **Markmið:** Við viljum dýpka félagsfærni barnanna og efla samkennd í hópnum með markvissri vinnu í kringum gildin *vináttu*, *kærleik* og *umburðarlyndi*.

2. Markvissar og skipulagðar hreyfistundir (Heilbrigði og vellíðan)

- **Markmið:** Að innleiða reglulegar, skipulagðar hreyfistundir sem eru sérsniðnar að þörfum og getu 5–6 ára barna, þar sem hreyfigleði er í fyrirrúmi.

3. Reglulegar og fjölbreyttar vettvangsferðir (Sköpun, læsi og sjálfbærni)

- **Markmið:** Að nýta samfélagið og nærumhverfið enn betur sem námsvettvang með skipulögðum og fjölbreyttum vettvangsferðum.

10.4 Umbótaáætlun Brekkulaut 2026-2027

Brekkulaut/5-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lýðræði og jafnrétti.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að dýpka félagsfærni og efla samkennd í barnahópnum með markvissri vinnu í kringum gildin vináttu, kærleik og umburðarlyndi . Stefnt er að því að börnin sýni umburðarlyndi og virðingu, læri að setja mörk og rækti með sér jákvæð samskipti.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	1. Innleiða markvissar samverustundir þar sem unnið er með vináttu og tvinna Lubba inn í starfið. 2. Vinna með hlutverkaleiki og spuna þar sem börnin æfa sig í að leysa ágreining á friðsælan hátt. 3. Halda reglulega "Lýðræðisfundi" með barnahópnum þar sem allir fá rödd og æfa sig í að hlusta á ólíkar skoðanir.
Ábyrgð	Deildarstjóri og kennarar á Brekkulaut.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september 2026 – Áætluð lok í maí 2027 (unnið jafnt og þétt yfir veturinn).
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Janúar (miðannarmat) og maí (vorammat): • <i>Viðtöl við börn:</i> Stutt spjall við börnin í litlum hópum um líðan og vináttu. • <i>Sjálfsmatsfundir starfsfólks:</i> Deildarfundir þar sem fylgst er með samskiptum og hegðun í frjálsum leik skráð niður. • <i>Innra mat:</i> Matslistar lagðir fyrir starfsfólk deildarinnar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	• Skráð tilvik um útilokun eða neikvæða hópamyndun í frjálsum leik hafa minnkað sýnilega. • Börnin nota orð og tjáningu til að setja mörk og leysa ágreining (t.d. "Stopp, mér finnst þetta leiðinlegt" í stað þess að ýta eða gráta). • Í viðtölum geta börnin nefnt dæmi um hvernig á að sýna kærleik og umburðarlyndi.



Brekkulaut/5-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Heilbrigði og vellíðan.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að innleiða reglulegar, skipulagðar og markvissar hreyfistundir sem mæta þörfum elsta hópsins. Stefnt er að því að fylgjast kerfisbundið með og meta hreyfiproskafærni barnanna til að styðja þau sem best og undirbúa þau undir grunnskólagöngu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	1. Setja upp reglulegar, skipulagðar hreyfistundir í vikuáætlun þar sem unnið er með grófhreyfingar, jafnvægi, samhæfingu og rýmisgreind. 2. Velja og innleiða viðurkennt skimunartól eða matslista til að skrá hreyfiproska og færni hvers barns. 3. Skapa fjölbreyttar hreyfibrautir sem hæfa 5-6 ára aldri og bjóða upp á áskoranir.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september 2026 – Áætluð lok í maí 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Október (grunnmæling) og apríl/maí (eftirfylgni): • <i>Skráningarblöð/Skimunartól:</i> Einstaklingsbundið mat á hreyfifærni hvers barns. • <i>Rýnihópur starfsfólks:</i> Fundað um hvernig hreyfistundirnar ganga og hvort þörf sé á sérstökum íhlutunum fyrir einstaka börn.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Hreyfistundir fara fram reglulega samkvæmt skipulagi deildarinnar. • Fyrir liggur hreyfiproskamat fyrir hvert og eitt barn á deildinni þar sem framfarir á milli hausts og vors eru sýnilegar.





	• Börnin sýna aukna færni í erfiðari hreyfipáttum (t.d. að standa á öðrum fæti, hoppa jafnfætis, grípa bolta) við lok skólaársins.
--	--

Brekkaútlát/5-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjálfbærni, læsi og sköpun.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að nýta samfélagið, menningu og nærumhverfið markvisst sem námsvettvang. Stefnt er að því að víkka sjóndeildarhring barnanna, efla umhverfisvitund (sjálfbærni) og dýpka máltöku þeirra og hugtakaskilning (læsi) í gegnum fjölbreyttar og reglulegar vettvangsferðir.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	1. Skipuleggja reglulegar vettvangsferðir í mánaðarskipulagi þar sem skipst er á að fara í náttúruferðir og menningar-/samfélagsferðir. 2. Tengja ferðirnar við verkefni á deildinni: Safna efniviði í náttúrunni til sköpunar (sjálfbærni) og vinna markvisst með ný hugtök fyrir og eftir ferðir (læsi). 3. Kynna börnunum mismunandi stofnanir og störf í samfélaginu (t.d. bókasafn, slökkvistöð eða listastofnanir).
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk á Brekkaútlát.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september 2026 – Áætluð lok í maí 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Janúar (miðsannarmat) og maí (vormat): • <i>Viðtöl við börn:</i> Rætt við börnin í rýnihópum þar sem þau rýna í ljósmyndir úr ferðunum og segja frá upplifun sinni. • <i>Fundir starfsfólks:</i> Yfirferð á deildarfundum þar sem metið er hvort ferðirnar hafi þjónað uppeldislegum markmiðum sínum.





	• <i>Skráningar:</i> Talning á því hversu margar ferðir voru farnar og hvert var farið og hvað var skoðað.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Vettvangsferðir eru fastur og sýnilegur hluti af mánaðarskipulagi deildarinnar yfir veturinn. • Börnin sýna umhverfisvitund í verki (t.d. ganga vel um náttúruna, flokka og bera virðingu við lifandi verur) og tengja upplifunina við sköpunarstarf á deildinni. • Í samræðum sýna börnin fram á aukinn orðaforða og skilning á nærumhverfi sínu og þeim stöðum sem heimsóttir voru.

10.5 Innra mat Brekkulind og Brekkulyng 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Styrkleikar

- Við náðum öllum settum markmiðum sem við settum síðasta ár.
- Hópastarf hófst um áramótin af fullum krafti.
- Hópastarf hefur gengið mjög vel og börnin hafa verið mjög áhugasöm og dugleg.
- Mjög góð samvinna er á milli Brekkulindar og Brekkulyngs eins og ávallt.
- Góð samvinna stuðlar að börnin verði öruggari félagslega í skólanum, geti leikið auðveldlega við önnur börn og eigi auðveldara með að leita til allra kennara um aðstoð.





Tækifæri

Vinna með vináttu, virðingu, víðsýni og umburðarlyndi.

- Teljum að þetta muni bæta samskipti barnanna sem er góður grunnur fyrir framtíðina.
- Vinatengsl muni eflast hjá börnunum.
- Breytt umhverfi í leikskólanum sem felst meðal annars í aukinni fjölmenningu á meðal barna og kennara, í því felast bæði áskoranir og fjölmörg tækifæri.
- Tækifæri til að þróa umhverfi sem styrkir, eykur traust og öryggi barnanna.

10.6 Umbótaáætlun Brekkulind og Brekkulyng 2026-2027

Brekkulind/Brekkulyng 1-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Vinátta.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Styrkja samkennd og umburðarlyndi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Í leik, samvinnuverkefni, sögur um tilfinningar og vináttu. Fá samvinnu með eldri börnum.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 og lokið við sumarfrí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Umræður á deildarfundum.
Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður með börnunum t.d. hvað þeim finnst gaman að gera með vinum sínum og hvað gera vinir saman.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem	Að börn nái að sýna hvort öðru umburðarlyndi, áhuga og hjálpssemi.





stuðst er við til að meta hvernig
tókst að ná markmiði

Brekkulind/Brekkulyng 1-3 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s.
stjórnun, uppeldis og menntastarf,
mannauður/leikskólabragur, innra
mat)

Sjálfstyrking.

Tækifæri til umbóta-Að hverju er
stefnt?

Að börnin hafi gott sjálfstraust til að koma fram og tjá sig
fyrir framan önnur börn og kennara.

Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að
framkvæma það?

Samverustund 1x í viku þar sem eitt barn fær að æfa sig í
að standa fyrir framan hópinn og syngja eða segja frá. Við
reynum að grípa fleiri tækifæri þegar þau gefast. Einu sinni
í mánuði flytja þau atriði saman fyrir framan alla í
leikskólanum í vikulegri söngstund leikskólans.

Ábyrgð

Deildarstjóri og allt deildarstarfsfólk.

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð
lok?

Nóvember 2026 til Maí 2027.

Hvenær og hvernig á að meta?
Hvaða aðferðir á að nota við matið
(t.d. könnun, rýnihópur, fundir,
viðtal við börn)

Sjálfstraust barnanna metið um vorið 2027, hvort þau hafi
styrkst í að koma fram fyrir framan aðra um veturinn.
Umræður á deildarfundum yfir veturinn.

Viðmið um árangur-Viðmið er
gæðalýsing og/eða mælikvarði sem
stuðst er við til að meta hvernig
tókst að ná markmiði

Að börnin hafi gott sjálfstraust og geti auðveldlega staðið
fyrir framan hóp og tjáð sig.

Brekkulind/Brekkulyng 1-3 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s.
stjórnun, uppeldis og menntastarf,
mannauður/leikskólabragur, innra
mat)

Málörvun.





Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka orðaforða, skilning og tjáningu á íslensku
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Við erum með samverustundir þar sem er lesið og svo erum við líka með söngstundir. Við grípum í bók hvenær sem er á deginum. Við erum með Lubbastundir og gefum 10.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allt deildarstarfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026 – Maí 2027. Málörvun er alla daga, allt árið um kring, rauður þráður í gegnum allt okkar starf.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Við vinnum með Efi, Tras og Lanis þegar það kemur í haust.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin tali íslensku og hafi góðan skilning á íslensku máli.

F. h. leikskólans

Kristín Auður Harðardóttir 26.maí 2026

Leikskólastjóri

Dagsetning



10.7 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs vegna starfsáætlunar leikskólans Brekkuborg fyrir starfsárið 2026–2027

Foreldraráð Brekkuborgar lýsir ánægju sinni með það faglega og hlýlega starf sem unnið er á leikskólanum. Starfsáætlun 2026–2027 er yfirgripsmikil, skýr og veldur góðri innsýn inn í starf skólans. Kjarnagildi leikskólans – vinátta, virðing og lýðræðisleg samvera – eru greinilega til staðar í daglegu starfi með börnunum og endurspeglast í fjölbreyttum verkefnum sem styrkja tilfinningagreind, samkennd og samfélagslega þátttöku.

Ráðið fagnar markvissum umbótaáætlunum deilda, sérstaklega áherslunni á söngstundir og bætt umhverfi í fataklefa. Báðar þessar aðgerðir eru skynsamlegar og í takt við þarfir barnanna og eru vel studdar með skýrum markmiðum og mælikvörðum. Foreldraráðið fagnar einnig því öfluga samstarfi við Húsaskóla sem lýst er í starfsáætluninni, sér í lagi 7. bekkjarverkefninu þar sem eldri nemendur lesa fyrir börnin á Degi íslenskrar tungu. Slík tengsl milli skólastiga eru dýrmæt og auðvelda börnunum yfirfærslu í grunnskóla.

Einnig er það ánægjulegt að sjá að leikskólinn hefur lagt ríka áherslu á símenntun starfsfólks, þar á meðal námskeið í skyndihjálp og mataröryggi. Þá er þróunarnámsferðin í maí 2027 til fyrirmyndar sem dæmi um framsækni og faglegar áherslur í starfsþróun. Foreldraráðið fagnar jafnframt áherslu á innra mat sem er grundvöllur þróunar og umbóta í skólastarfi.

Áhersluatriði foreldraráðs

1. Konudagur og bóndadagur

Foreldraráðið gerir tillögu um að konudagskaffið verði haldið á morgnana með morgunmat, líkt og gert er á bóndadaginn. Hægt er að prófa þessa breytingu á næsta ári til þess að koma til móts við mæður sem eiga auðveldara með að mæta á viðburði á morgnana frekar en seinni partinn. Við getum endurskoðað breytinguna að ári liðnu.

2. Samræming starfsdaga

Foreldraráðið óskar eftir að athugað verði hvort hægt sé að samræma áætlaðan starfsdag Brekkuborgar 27. nóvember við starfsdaga Húsaskóla. Í ljósi náins samstarfs leikskólans og grunnskólans gæti slík samræming verið til hagsbóta fyrir fjölskyldur sem eiga börn á báðum skólastigum.

3. Kynfræðslunámskeið fyrir foreldra

Í kjölfar fregnir af kynferðisbrotum í öðrum leikskólum á höfuðborgarsvæðinu leggur foreldraráðið til að Brekkuborg bjóði foreldrum upp á kynfræðslunámskeið þar sem fjallað verði um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi, einkenni misnotkunar og hvernig foreldrar geti átt opin og aldurshæf samtöl við börn sín um þessi mál. Foreldraráðið telur slíka fræðslu mikilvægan þátt í forvarnarstarfi í leikskóla.

4. Fræðsla um stafræna velferð á foreldrafundi

Foreldraráðið leggur til að á foreldrafundinum 22. september verði sett inn fræðsluerindi um stafræna velferð barna. Þar mætti fjalla um heilbrigða notkun skjáa og tækni á leikskólaaldri, hvernig foreldrar geta stutt við stafræna velferð heima og hvaða leiðir eru taldar bestar samkvæmt nýjustu rannsóknum. Þetta myndi vera í takt við þær áhyggjur sem margir foreldrar hafa lýst yfir varðandi stafrænt umhverfi ungra barna.



Foreldraráðið þakkar starfsfólki Brekkuborgar fyrir faglega og hlýlega þjónustu og hlakkar til áframhaldandi samstarfs á komandi skólaári. Við erum stolt af þeim leikskóla sem börn okkar fá að dafna í og treystum því að áherslur starfsáætlunarinnar muni skila sér í aukinni vellíðan og þroska barnanna.

Fyrir hönd foreldraráðs,

Þórdís Adda Haraldsdóttir formaður foreldraráðs

Anna Laufey Stefánsdóttir ritari foreldraráðs

Anna Þorsteinsdóttir

Brynja Halldórsdóttir

Erna Bergþórsdóttir

29. maí 2026





11. Skóladagatal Brekkuborgar 2026/2027 (fylgiskjal)

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1. L	1. Þ	1. F	1. S	1. F	1. S	1. F	1. S	1. F	1. S	1. F	1. S	1. F	1. S	1. F	1. S	1. F	1. S	1. F	1. S	1. F	1. S	1. F	1. S
2. S	2. M	2. F	2. M	2. F	2. M	2. F	2. M	2. F	2. M	2. F	2. M	2. F	2. M	2. F	2. M	2. F	2. M	2. F	2. M	2. F	2. M	2. F	2. M
3. M	3. F	3. L	3. Þ	3. F	3. L	3. Þ	3. F	3. L	3. Þ	3. F	3. L	3. Þ	3. F	3. L	3. Þ	3. F	3. L	3. Þ	3. F	3. L	3. Þ	3. F	3. L
4. Þ	4. F	4. S	4. M	4. F	4. S	4. M	4. F	4. S	4. M	4. F	4. S	4. M	4. F	4. S	4. M	4. F	4. S	4. M	4. F	4. S	4. M	4. F	4. S
5. M	5. L	5. M	5. F	5. M	5. F	5. M	5. F	5. M	5. F	5. M	5. F	5. M	5. F	5. M	5. F	5. M	5. F	5. M	5. F	5. M	5. F	5. M	5. F
6. F	6. S	6. Þ	6. F	6. Þ	6. F	6. Þ	6. F	6. Þ	6. F	6. Þ	6. F	6. Þ	6. F	6. Þ	6. F	6. Þ	6. F	6. Þ	6. F	6. Þ	6. F	6. Þ	6. F
7. F	7. M	7. M	7. L	7. M	7. L	7. M	7. L	7. M	7. L	7. M	7. L	7. M	7. L	7. M	7. L	7. M	7. L	7. M	7. L	7. M	7. L	7. M	7. L
8. L	8. Þ	8. F	8. S	8. F	8. S	8. F	8. S	8. F	8. S	8. F	8. S	8. F	8. S	8. F	8. S	8. F	8. S	8. F	8. S	8. F	8. S	8. F	8. S
9. S	9. M	9. F	9. M	9. F	9. M	9. F	9. M	9. F	9. M	9. F	9. M	9. F	9. M	9. F	9. M	9. F	9. M	9. F	9. M	9. F	9. M	9. F	9. M
10. M	10. F	10. L	10. Þ	10. F	10. Þ	10. F	10. Þ	10. F	10. Þ	10. F	10. Þ	10. F	10. Þ	10. F	10. Þ	10. F	10. Þ	10. F	10. Þ	10. F	10. Þ	10. F	10. Þ
11. Þ	11. F	11. S	11. M	11. F	11. S	11. M	11. F	11. S	11. M	11. F	11. S	11. M	11. F	11. S	11. M	11. F	11. S	11. M	11. F	11. S	11. M	11. F	11. S
12. M	12. L	12. M	12. F	12. M	12. F	12. M	12. F	12. M	12. F	12. M	12. F	12. M	12. F	12. M	12. F	12. M	12. F	12. M	12. F	12. M	12. F	12. M	12. F
13. F	13. S	13. Þ	13. M	13. F	13. S	13. Þ	13. M	13. F	13. S	13. Þ	13. M	13. F	13. S	13. Þ	13. M	13. F	13. S	13. Þ	13. M	13. F	13. S	13. Þ	13. M
14. F	14. M	14. M	14. L	14. M	14. L	14. M	14. L	14. M	14. L	14. M	14. L	14. M	14. L	14. M	14. L	14. M	14. L	14. M	14. L	14. M	14. L	14. M	14. L
15. L	15. Þ	15. F	15. S	15. F	15. S	15. F	15. S	15. F	15. S	15. F	15. S	15. F	15. S	15. F	15. S	15. F	15. S	15. F	15. S	15. F	15. S	15. F	15. S
16. S	16. M	16. F	16. M	16. F	16. M	16. F	16. M	16. F	16. M	16. F	16. M	16. F	16. M	16. F	16. M	16. F	16. M	16. F	16. M	16. F	16. M	16. F	16. M
17. M	17. F	17. L	17. Þ	17. F	17. Þ	17. F	17. Þ	17. F	17. Þ	17. F	17. Þ	17. F	17. Þ	17. F	17. Þ	17. F	17. Þ	17. F	17. Þ	17. F	17. Þ	17. F	17. Þ
18. Þ	18. F	18. S	18. M	18. F	18. S	18. M	18. F	18. S	18. M	18. F	18. S	18. M	18. F	18. S	18. M	18. F	18. S	18. M	18. F	18. S	18. M	18. F	18. S
19. M	19. L	19. M	19. F	19. M	19. F	19. M	19. F	19. M	19. F	19. M	19. F	19. M	19. F	19. M	19. F	19. M	19. F	19. M	19. F	19. M	19. F	19. M	19. F
20. F	20. S	20. Þ	20. M	20. F	20. S	20. Þ	20. M	20. F	20. S	20. Þ	20. M	20. F	20. S	20. Þ	20. M	20. F	20. S	20. Þ	20. M	20. F	20. S	20. Þ	20. M
21. F	21. M	21. L	21. Þ	21. F	21. S	21. Þ	21. M	21. L	21. Þ	21. F	21. S	21. Þ	21. M	21. L	21. Þ	21. F	21. S	21. Þ	21. M	21. L	21. Þ	21. F	21. S
22. L	22. Þ	22. F	22. S	22. F	22. S	22. F	22. S	22. F	22. S	22. F	22. S	22. F	22. S	22. F	22. S	22. F	22. S	22. F	22. S	22. F	22. S	22. F	22. S
23. S	23. M	23. F	23. M	23. F	23. M	23. F	23. M	23. F	23. M	23. F	23. M	23. F	23. M	23. F	23. M	23. F	23. M	23. F	23. M	23. F	23. M	23. F	23. M
24. M	24. F	24. L	24. Þ	24. F	24. S	24. Þ	24. F	24. S	24. Þ	24. F	24. S	24. Þ	24. F	24. S	24. Þ	24. F	24. S	24. Þ	24. F	24. S	24. Þ	24. F	24. S
25. Þ	25. F	25. S	25. M	25. F	25. S	25. M	25. F	25. S	25. M	25. F	25. S	25. M	25. F	25. S	25. M	25. F	25. S	25. M	25. F	25. S	25. M	25. F	25. S
26. F	26. S	26. Þ	26. M	26. F	26. S	26. Þ	26. M	26. F	26. S	26. Þ	26. M	26. F	26. S	26. Þ	26. M	26. F	26. S	26. Þ	26. M	26. F	26. S	26. Þ	26. M
27. F	27. M	27. L	27. Þ	27. F	27. S	27. Þ	27. F	27. S	27. Þ	27. F	27. S	27. Þ	27. F	27. S	27. Þ	27. F	27. S	27. Þ	27. F	27. S	27. Þ	27. F	27. S
28. F	28. M	28. M	28. L	28. M	28. L	28. M	28. L	28. M	28. L	28. M	28. L	28. M	28. L	28. M	28. L	28. M	28. L	28. M	28. L	28. M	28. L	28. M	28. L
29. L	29. Þ	29. F	29. S	29. F	29. S	29. F	29. S	29. F	29. S	29. F	29. S	29. F	29. S	29. F	29. S	29. F	29. S	29. F	29. S	29. F	29. S	29. F	29. S
30. S	30. M	30. F	30. M	30. F	30. M	30. F	30. M	30. F	30. M	30. F	30. M	30. F	30. M	30. F	30. M	30. F	30. M	30. F	30. M	30. F	30. M	30. F	30. M
31. M	31. L	31. Þ	31. M	31. F	31. S	31. Þ	31. M	31. F	31. S	31. Þ	31. M	31. F	31. S	31. Þ	31. M	31. F	31. S	31. Þ	31. M	31. F	31. S	31. Þ	31. M

Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla:


Brekkuborg



12. Upplýsingarflæði könnun (fylgiskjal)


1. Hvernig finnst þér magn upplýsinga sem berast frá skólanum?

Of mikið	1
Hæfilegt	27
Of lítið	9




2. Hversu oft mynduð þið vilja fá póst frá deildinni?

Einu sinni í mánuði	1
Á tveggja vikna fresti	12
Víkulega	24




3. Nýtur þú þér völu appið?

Ég fylgist með matseðli	31
Skoða myndir	35
Fylgjast með tilkynningum/frettum	32
Viðburðadagatalið	30




4. Telur þú að mikilvægar upplýsingar (t.d. skipulagsbreytingar eða viðburðir) berist með nægum fyrirvara?

Já, yfirleitt	20
Stundum, mætti vera betra	12
Nei, oftast með of stuttum fyrirvara	5



5. Hvaða samskiptaleið hentar þér best til að taka á móti upplýsingum frá skólanum?

Tölvupóstur	32
Vala	18
Skilaboð/Tilkynningar í snjallsíma	16
Veggspjöld/Tilkynningar á útidyrum/fataklefa	8



6. Hefur þú einhverjar ábendingar um hvernig við getum bætt upplýsingaflæði milli leikskóla og heimilis?

13
Svör

Nýjustu svör
"Vantar alla vikupósta frá deildinni - elstu"
...



